



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 2/2008

## Afskráning firmaheitisins Nesfrakt

### I.

#### Málavextir

##### 1.

Hinn 6. nóvember 2007, tók Neytendastofa ákvörðun í málinu „*Kvörtun yfir skráningu og notkun á félagi með firmaheitinu Nesfrakt*“. Í ákvörðuninni kemur fram að Neytendastofa telji að Örn Steinar Arnarson og Linda Dröfn Jónsdóttir hafi með skráningu og notkun á firmaheitinu Nesfrakt brotið gegn ákvæðum 5. gr. og síðari málslíðar 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Erni Steinari og Lindu Dröfn var bönnuð öll notkun á firmaheitinu Nesfrakt og gert að afskrá heitið úr firmaskrá innan fjögurra vikna frá dagsetningu ákvörðunarinnar.

Ákvörðuninni var ekki áfrýjað.

##### 2.

Með bréfi lögmanns upphaflegs kvartanda, Arnars Þórs Ólafssonar til Neytendastofu, dags. 10. desember 2007, var stofnuninni tilkynnt að ekki hafi verið farið að ákvörðuninni. Með bréfi Neytendastofu til Arnar Steinars og Lindu Drafnar, dags. 11. desember 2007, var gefinn tíu daga frestur frá dagsetningu bréfsins til að koma að athugasemdum. Jafnframt kom þar fram að að þeim tíma liðnum mætti búast við ákvörðun Neytendastofu um framhald málsins skv. V. kafla laga nr. 57/2005. Engar athugasemdir bárust stofnuninni innan tilskilins frests.

### II.

#### Niðurstöður

Eins og fram hefur komið var Erni Steinari og Lindu Dröfn, með ákvörðun Neytendastofu, dags. 6. nóvember 2007, bönnuð notkun á firmaheitinu Nesfrakt og gert að afskrá heitið úr firmaskrá og var til þess veittur fjögurra vikna frestur frá dagsetningu ákvörðunarinnar. Örn Steinar og



Linda Dröfn hafa hvorki hætt notkun á firmaheitinu né afskráð það úr firmaskrá. Þá hefur ákvörðuninni ekki verið áfrýjað.

Í ákvörðun Neytendastofu segir m.a.:

*„Að mati Neytendastofu hefur Arnar Þór Ólafsson með kaupum á félaginu Nesfrakt árið 2006 sem og notkun hans á firmanafninu tryggt sér vernd þá sem 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins felur í sér.*

*Skráning Arnar Steinars og Lindu Drafnar á félagi með firmaheitinu Nesfrakt hefur að mati Neytendastofu ekki verið gerð í góðri trú um að firmanafnið væri ekki í notkun Arnars Þórs og brýtur því gegn ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins*

*Að öllu framangreindu virtu brýtur skráning og notkun Arnar Steinars og Lindu Drafnar á firmaheitinu Nesfrakt gegn ákvæðum 5. gr. og síðari málslíð 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Bannar Neytendastofa Erni Steinari og Lindu Dröfn notkun á firmaheitinu Nesfrakt.*

*Bannið tekur gildi eftir fjórar vikur frá dagsetningu þessa bréfs.“*

Samkvæmt athugun Neytendastofu í dag er firmaheitið Nesfrakt í notkun og Linda Dröfn Jónsdóttir skráður rétthafi þess.

Í 23. gr. laga nr. 57/2005 segir:

*„Ef ekki er farið að ákvörðun sem tekin hefur verið samkvæmt þessum lögum getur Neytendastofa ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðunin beinist gegn greiði dagsektir þar til farið verður að henni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.“*

Í máli þessu liggur fyrir að Örn Steinar Arnarson og Linda Dröfn Jónsdóttir hafa ekki farið að ákvörðun Neytendastofu, dags. 6. nóvember 2007. Að mati Neytendastofu er mikilvægt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila til að tryggja eðlilega viðskiptahætti en Neytendastofu þykir sýnt að Örn Steinar og Linda Dröfn muni ekki fara að ákvörðuninni. Með vísan til þessa telur Neytendastofa nauðsynlegt að beita viðurlögum skv. 23. gr. laga nr. 57/2005.



### **III. Ákvörðunarorð:**

**Örn Steinar Arnarson og Linda Dröfn Jónsdóttir, Frostafold 185, Reykjavík, hafa með notkun firmaheitisins Nesfrakt og með því að hafa ekki afskráð firmaheitið brotið gegn ákvörðun Neytendastofu, dags. 6. nóvember 2007.**

**Örn Steinar Arnarson og Linda Dröfn Jónsdóttir skulu innan sjö daga hætta notkun firmaheitisins Nesfrakt og afskrá firmaheitið sbr. ákvörðun Neytendastofu, dags. 6. nóvember 2007. Verði ekki farið að ákvörðun þessari innan tilskilins frests mun Neytendastofa leggja á dagsektir með heimild í 23. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Skulu Örn Steinar Arnarson og Linda Dröfn Jónsdóttir frá þeim tíma greiða í ríkissjóð 50.000 krónur á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun þessari.“**

Neytendastofa, 28. janúar 2008